

ÁRSSKÝRSLA ÚRVINNSLUSJÓÐS

2023



Aðfaraorð stjórnarformanns	1
Starfsemi Úrvinnslusjóðs	1
1. Rekstur Úrvinnslusjóðs 2023	
1.1 Stjórn og starfsmenn	1
1.2 Hlutverk og verklag	2
1.3 Fjöldi virkra þjónustu- og ráðstöfunaraðila 2020-2023	3
1.4 Úrvinnslugjald - Álagning og breytingar 2020-2023	4
1.5 Markmið um söfnun og endurvinnslu	5
Umbúðir úr plasti, pappír og pappa	6
Umbúðir úr gleri, málm og við	7
Rafhlöður	8
Raf- og rafeindatæki	9
Plastvörur	10
Ökutæki	11
1.6 Lagabreytingar	11
1.7 Sérstök söfnun	11
1.8 Veiðarfærasamningur	12
1.9 Aðrir samningar Úrvinnslusjóðs	13
1.10 Nýir skilmálar	13
1.11 Erlend samskipti	13
1.12 Stjórnsýsluúttekt á starfsemi Úrvinnslusjóðs	13
1.13 Úttekt um afdrif drykkjarferna	13
2. Ársreikningur 2023 og staðfestingarbréf stjórnar fyrir árið 2023	11
Ársreikningur	
3. Rekstur vöruflokka	31
Plastumbúðir og heyrúlluplast	32
Pappaumbúðir	34
Glerumbúðir	35
Málmumbúðir	36
Viðarumbúðir	37
Raf- og rafeindatæki	38
Rafhlöður	40
Ökutæki úrvinnsla	42
Ökutæki skilagjald	43
Hjólbarðar	44
Olíuvörur	45
Málning	46
Lífræn leysiefni	47
Varnarefni	48
Kælimiðlar	49
Framköllunarvörur	50
Ísósýanöt	51
Halógeneruð efnasambönd	52
Prentlitir	53
Kvikasilfursvörur	54

AÐFARAORÐ STJÓRNARFORMANNS

Árið 2023 var viðburðaríkt ár hjá Úrvinnslusjóði. Haustið 2022 birti Ríkisendurskoðun stjórnsluúttekt sem unnin var að beiðni Alþingis. Úrvinnslusjóður hefur unnið að miklum breytingum á sínum kerfum og ferlum undanfarin misseri í kjölfar úttektarinnar og samþykkti stjórn verkefnaáætlun í 16 liðum í tengslum við tillögur Ríkisendurskoðunar. Unnið hefur verið markvisst að framfylgd hennar síðan og er mörgum aðgerðum þegar lokið. Staðan er yfirfarin reglulega innan Úrvinnslusjóðs og von er á eftirfylgniskýrslu frá Ríkisendurskoðun fyrir lok árs 2024.

Þann 1. janúar 2023 tóku ný lög gildi á Íslandi sem nefnd hafa verið hringrásarlögin. Lögin marka mikilvægt skref í átt að hringrásarhagkerfi þar sem auðlindir eru nýttar á sjálfbæran hátt og stefnt að lágmörkun úrgangs. Mikil vinna hafði farið í undirbúning gildistöku laganna frá því þau voru samþykkt árið 2021, í lok síðasta kjörtímabils. Lögin byggja á nokkrum tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins og eru skref í rétta átt en von er á enn frekari tilskipunum á næstu árum, þar helst nýrri umbúðareglugerð. Innleiðing laganna hefur reynst áskorun fyrir alla hagaðila og krefjast þau mikillar breytingar á hegðun í flokkun svo hægt sé að nýta sem mest hráefni í úrgangsstraumum á sjálfbæran hátt og lágmarka skaða af úrvinnslu annarra.

Ein af veigamestu breytingum hringrásarlaganna er ákvæði sem gerir ráð fyrir því að úrvinnslugjald á vörur skuli almennt vera þrepaskipt þannig að tekið sé tillit til endingar þeirra, möguleika á viðgerðum, endurnotkun og endurvinnslu og innihalds hættulegra efna. Þrepaskipting gjalda er eitt mikilvægasta tól Úrvinnslusjóðs til þess að skapa hagræna hvata sem stuðla að hringrásarhagkerfi. Við setningu laganna var hins vegar ekki hugað nægilega vel að raunhæfi þrepaskiptingar. Innheimta Úrvinnslugjalds byggir á álagningu í gegnum tollakerfið. Alþjóðlega tollakerfið er ekki sett upp í þeim tilgangi og er ekki sérstaklega tilgreint í hvers konar umbúðum vörur eru þegar þær eru tollaðar, sem eru nauðsynlegar upplýsingar til að hægt sé að innheimta þrepaskipt gjöld. Mikilvægt er að skapa þannig umhverfi framlengdrar framleiðendaábyrgðar á Íslandi að hægt sé að beita hagrænum hvötum og hefur stjórn Úrvinnslusjóðs unnið markvisst að því að ýta af stað þeirri vinnu. Ráðherra ákvað haustið 2024 að skipa starfshóp til að vinna að því og byggir skipunin á einni af tillögum starfshóps um stöðu framlengdrar framleiðendaábyrgðar á Íslandi sem skilaði niðurstöðum sínum í nóvember 2022.

Sumarið 2023 var mikið fjallað um meðhöndlun drykkjarferna í fjölmiðlum. Úrvinnslusjóður óskaði eftir skýrslu óháðs aðila um afdrif drykkjarferna og var skýrslan kynnt stjórn í lok árs. Stjórn fól starfsfólki að vinna úrbótaáætlun sem var samþykkt í nóvember sama ár og má finna bæði skýrsluna og úrbótaáætlun á vef sjóðsins.

Árið 2023 markaði einnig tímamót þegar Ólafur Kjartansson, sem hafði verið framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs frá stofnun hans árið 2003, lét af störfum. Í kjölfarið var Sandra Brá Jóhannsdóttir ráðin framkvæmdastjóri sjóðsins og hóf hún störf í október. Ný stjórn var skipuð á svipuðum tíma og var þar á meðal undirritaður skipaður sem nýr stjórnarformaður sjóðsins. Stjórn hefur unnið vel saman frá þeim tíma og lagt mikla áherslu á að vinna að auknu trausti til sjóðsins sem sjá má á þeim verkefnum sem ráðist hefur verið í árið 2024.

Að lokum vil ég þakka Ólafi Kjartanssyni fyrir hans störf í þágu Úrvinnslusjóðs frá stofnun. Sömuleiðis vil ég þakka þeim stjórnarmönnum sem kvatt hafa sjóðinn fyrir þeirra störf undanfarin ár. Starfsfólk sjóðsins á skilið sérstakar þakkir fyrir störf sín undanfarin misseri í gegnum miklar breytingar og ég hlakka til áframhaldandi starfa með stjórn og starfsfólki í þeim krefjandi verkefnum sem fram undan eru.

Kristófer Már Maronsson
Formaður stjórnar Úrvinnslusjóðs

STARFSEMI ÚRVINNSLUSJÓÐS

Lög um úrvinnslugjald nr. 162 voru samþykkt á Alþingi 22. desember árið 2002. Úrvinnslusjóður var stofnaður á grundvelli þeirra. Við gildistöku laganna voru jafnframt felld úr gildi lög um spilliefnagjald og starfsemi Spilliefnanefndar og Úrvinnslusjóði fengin þau verkefni sem Spilliefnanefnd annaðist. Úrvinnslusjóður fer með framkvæmd laga um úrvinnslugjald og er ráðherra til ráðgjafar um mál þau sem undir lögin falla. Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og skilagjalds sem greiða skal samkvæmt lögunum og ráðstöfun þess. Í lögum um Úrvinnslusjóð er að finna heimild umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra til að setja nánari reglur um úrvinnslugjaldið og Úrvinnslusjóð.

Árið 2016 tóku gildi lög um opinber fjármál nr. 123/2015. Við gildistöku þeirra varð sú breyting að innheimt úrvinnslugjald rann ekki lengur beint inn í Úrvinnslusjóð heldur í ríkissjóð sem veitti lögum samkvæmt Úrvinnslusjóði fjárframlag á grundvelli fjárheimilda í fjárlögum hvers árs. Fram að þessari breytingu eða til ársins 2017 hafði Ríkisendurskoðun endurskoðað og stillt upp ársreikningi fyrir sjóðinn. Í ársreikningi var að finna sundurliðun í samræmi við ákvæði 15. gr. laga um úrvinnslugjald nr. 162/2002, þar sem kemur m.a. fram að Úrvinnslusjóður skuli ár hvert gera skýrslu um innheimtu og ráðstöfun úrvinnslugjalds eftir vöruflokkum (uppgjörsflokkum). Fyrir árið 2023 liggur ekki fyrir endurskoðaður ársreikningur í samræmi við framangreind ákvæði í lögum um úrvinnslugjald. Ársreikningur fyrir árið 2023 hefur verið staðfestur í samræmi við lög um opinber fjármál en hann endurspeglar ekki meðferð tekna samkvæmt ákvæðum laga um úrvinnslugjald. Ársreikningurinn veitir ekki mynd af stöðu uppgjörsflokka sjóðsins, tölur um rekstur og stöðu vöruflokka er í 3. kafla fyrir árin 2020 - 2023 byggja á óendurskoðuðum uppgjörum Úrvinnslusjóðs.

1. Rekstur Úrvinnslusjóðs

1.1 Stjórn og starfsmenn

Ráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar, en sex meðstjórnendur og varamenn skulu skipaðir að fenginni tilnefningu frá aðilum sbr. töflu. Með breytingu á lögum um úrvinnslugjald um mitt ár 2015 var stjórnarmönnum fjölgað í sjö og varamönnum bætt við. Þann 20. ágúst 2019 skipaði umhverfis- og auðlindaráðherra (nú umhverfis-, orku- og auðlindaráðuneyti) stjórn Úrvinnslusjóðs, ásamt varamönnum, til fjögurra ára. Ráðherra framlengdi þessa skipan stjórnar til 30. september 2023.

Nýr stjórnarformaður var skipaður í lok september og fullskipuð stjórn var skipuð 8. nóvember 2023, til fjögurra ára en skipan varamanna fyrir fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga barst ekki fyrir árslok 2023.

TAFLA 1. STJÓRN ÚRVINNSLUSJÓÐS OG VARAMENN Í ÁRSLOK 2023

Stjórn Úrvinnslusjóðs 2023	
Skipaður af ráðherra	Kristófer Már Maronsson, formaður
Samtök iðnaðarins	Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður
Samband íslenskra sveitarfélaga	Líf Magneudóttir
Samband íslenskra sveitarfélaga	Jón Viggó Gunnarsson
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi	Hildur Hauksdóttir
Félag atvinnurekenda	Guðný Hjaltadóttir
Samtök verslunar og þjónustu	Benedikt S. Benediktsson
Varamenn stjórnar 2023	
Samtök iðnaðarins	Jóhanna K. Stefánsdóttir
Samband íslenskra sveitarfélaga	
Samband íslenskra sveitarfélaga	
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi	Sigurgeir Bárðarson
Félag atvinnurekenda	Hlíðar Þ. Hreinsson
Samtök verslunar og þjónustu	Berglind R. Guðmundsdóttir

Í febrúar komu til starfa tveir nýir starfsmenn; samskiptastjóri- og lögfræðingur og rekstrarstjóri. Ólafur Kjartansson sem gegnt hafði starfi framkvæmdastjóra frá stofnun Úrvinnslusjóðs, lét af störfum í júnílok. Lögfræðingur sjóðsins var staðgengill framkvæmdastjóra frá 1. júlí og þar til nýr framkvæmdastjóri, Sandra Brá Jóhannsdóttir, tók við í byrjun október 2023. Í árslok voru starfsmenn sjóðsins sjö.


1.2 Hlutverk og verklag

Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Sjóðurinn beitir hagrænum hvötum til að koma á skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem stafar frá vöruflokkum sem falla undir lög um úrvinnslugjald. Sjóðurinn leitast við að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurvinnslu úrgangs og aðra endurnýtingu úrgangs með hliðsjón af umhverfislegum ávinningi, í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fellur til og fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna. Úrvinnslusjóður semur um úrvinnslu úrgangs á grundvelli útboða eða verksamninga.

Stjórn sjóðsins leggur fram tillögur til ráðherra, eftir því sem við á, um breytingar á fjárhæð úrvinnslugjalds, nýjar gjaldskyldar vörur og fjárhæð úrvinnslugjalds á þær. Við gerð tillagna að nýjum gjaldskyldum vörum og undanþágu frá gjaldskyldu skal taka mið af skuldbindingum og stefnumörkun stjórnvalda í úrgangsmálum.

Hráefni og orka til vöruframleiðslu eru oft takmarkaðar auðlindir sem ber að fara eins sparlega með og kostur er. Úrgangur sem verður til við vörunotkun eða þegar vörur hafa þjónað tilgangi sínum rýrir oft náttúruleg gæði. Hin síðari ár hefur verið lögð æ meiri áhersla á að vöruhringrásin sé eins lokuð og kostur er og að notkun hráefna og orku sé í lágmarki.

Úrvinnslusjóður vinnur að því að sem minnst falli út úr vöruhringrásinni og stuðlar að sem mestri endurnýtingu og endurvinnslu. Úrvinnslugjald er notað til að greiða fyrir meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöðvum, flutning, endurnýtingu, endurvinnslu eða förgun með eða án skilgjalds.



MYND 1: LOKUÐ VÖRUHRINGRÁS

1.3 Fjöldi virkra þjónustu- og ráðstöfunaraðila 2020-2023

Þjónustuaðilar vinna á grundvelli samnings og skilmála sem Úrvinnslusjóður setur. Þjónustuaðili getur sinnt fleiri en einum vöruflokki. Úrvinnslusjóður gerir ekki samninga við ráðstöfunaraðila en samþykkir þá.

TAFLA 2. YFIRLIT YFIR VIRKA ÞJÓNUSTU- OG RÁÐSTÖFUNARAÐILA ÁRÍÐ 2023

Fjöldi þjónustuaðila	2023	2022	2021	2020
Plastumbúðir (án heyrúlluplasts)	8	7	7	7
Heyrúlluplast	4	4	5	8
Pappa- og pappírsumbúðir	7	6	6	8
Glerumbúðir	3			
Málmumbúðir	3			
Viðarumbúðir	2			
Rafhlöður	7	7	7	7
Raftæki	7	6	6	6
Hjólbarðar	6	6	6	8
Spilliefni	8	9	9	8

Fjöldi ráðstöfunaraðila	2023	2022	2021	2020
Plastumbúðir (án heyrúlluplasts)	8	4	7	4
Heyrúlluplast	4	4	7	9
Pappa- og pappírsumbúðir	3	3	3	3
Glerumbúðir	1			
Málmumbúðir	1			
Viðarumbúðir	1			
Rafhlöður	5	5	5	5
Raftæki	8	8	9	8
Hjólbarðar	2	2	2	3
Spilliefni	5	6	5	12

1.4 Úrvinnslugjald - Álagning og breytingar 2020-2023

Í 3. og 4. gr. laga um úrvinnslugjald er kveðið á um að leggja skuli úrvinnslugjald á tilteknar vörur til að stuðla að úrvinnslu úrgangs. Fjárhæð úrvinnslugjalds skal taka mið að áætlun um kostnað við úrvinnslu úrgangsins. Fyrir raftæki og umbúðir skal upphæð gjaldsins taka mið af áætlun um þær greiðslur sem bjóða þarf til að ná tilskildum árangri hvað varðar markmið. Vörur er skipt í vöruflokka (uppgjörsflokka) sem eiga að vera fjárhagslega sjálfstæðir. Í töflu 3 er yfirlit yfir úrvinnslugjald og breytingar á því árin 2020 til 2023.

TAFLA 3. VÖRUFLOKKAR OG FJÁRHÆÐIR ÚRVINNSLUGJALDS ÁRIN 2020-2023. ÚRVINNSLUGJALD ER TILGREINT Í KR/KG NEMA ANNARS SÉ GETIÐ

Vöruflokkar	2023	2022	2021	2020
Plastumbúðir	82	30	28	28
Heyrúlluplast (telst til plastumbúða frá 1.1.2008)	82	30	28	28
Pappírs- og pappaubúðir	42	22	22	15
Glerumbúðir	25			
Málmumbúðir	25			
Víðarumbúðir	10			
Kælitæki/varmaskiptatæki	47	47	47	47
Skjái	70	70	70	70
Perur	55	55	55	55
Stór raftæki	11	11	11	11
Lítill raftæki	30	30	30	30
Upplýsingatækni- og fjarskiptatæki	13	13	13	13
Færanlegar rafhlöður < 5 kg	8 til 800			
Startrafhlöður og iðnaðarrafhlöður, stakar	8 til 11	8	8	8
Startrafhlöður og iðnaðarrafhlöður, í tækjum	44 til 707	8	8	8
Drifrafhlöður fyrir léttari rafknúin ökutæki (kr/ökutæki)	500			
Drifrafhlöður fyrir rafknúin ökutæki	20			
Ökutæki úrvinnsla (kr/ökutæki v. nýskráningu)	15.000			
Ökutæki skilagjald (kr/ökutæki á ári)	1.800	1.800	1.800	1.800
Hjólbarðar, stakir	40	40	40	40
Hjólbarðar (kr/tæki)	80 til 40.000	80 til 40.000	80 til 40.000	80 til 40.000
Oliuvörur aðrar en brennsluóla	70	60	50	40
Svartolia	1,3	1,1	0,9	0,7
Oliumálning	50	50	42	42
Lífræn leysiefni, almennt	26	26	26	26
Lífræn leysiefni, sérstök	150	150	150	150
Plöntuverndarvörur og sæfivörur (varnarefni)	25	18	18	8
Kælimiðlar	2,5	2,5	2,5	2,5
Kemískar vörur í ljósmynda- og prentiðnaði	480 til 3.840	480 til 3.840	480 til 3.840	360 til 2.880
Ísósýanöt	8	8	8	8
Halógeneruð efnasambönd	260	260	220	220
Prentlitir	40	40	40	40
Kvikasilfursvörur	900	900	900	900
Plastvörur	27			

1.5 Markmið um söfnun og endurvinnslu

Úrvinnslusjóður ber ábyrgð á að ná tölulegum markmiðum fyrir þá úrgangsflokka sem bera úrvinnslugjald, hafi þau verið sett. Yfirlit yfir þessa flokka er í töflu 4 ásamt þeim markmiðum sem eru í gildi árið 2023. Nánar er fjallað um þessa flokka í eftirfarandi köflum.


TAFLA 4. VÖRUFLOKKAR OG MARKMIÐ UM SÖFNUN OG ENDURVINNSLU ÁRIÐ 2023

Vöruflokkur	Markmið um meðhöndlun	Töluleg markmið	Ábyrgð
Færanlegar rafhlöður	Söfnun	65%	ÚRVS
Rafhlöður aðrar	Endurvinnsla	Sjá umfjöllum um rafhlöður.	ÚRVS
Raf- og rafeindatæki	Söfnun	65%	ÚRVS
Raf- og rafeindatæki	Undirbúningur fyrir endurnotkun og endurvinnsla	Kælitæki og stór tæki 80%. Skjáir 70%. Lítil tæki og lítil UT tæki 50%. Perur 80%.	ÚRVS
Raf- og rafeindatæki	Endurnýting	Kælitæki og stór tæki 85%. Skjáir 80%. Lítil tæki og lítil UT tæki 75%.	ÚRVS
Plastumbúðir	Endurvinnsla	22,5%	ÚRVS og Endurvinnslan
Pappírs- og pappaubúðir	Endurvinnsla	60%	ÚRVS
Glerumbúðir	Endurvinnsla	60%	ÚRVS og Endurvinnslan
Málmumbúðir	Endurvinnsla	50%	ÚRVS og Endurvinnslan
Viðarumbúðir	Endurvinnsla	15%	ÚRVS
Plastvörur	Einnota burðarpokar Matar- og drykkjarilát	Færri en 90 burðarpokar á hvern íbúa. Ná fram mælanlegri minnkun á magni matar- og drykkjariláta sem sett eru á markað árið 2026 m.v. árið 2022.	ÚRVS
Ökutæki	Endurnýting og endurvinnsla	95% endurnýting af öllum ökutækjum og 85% endurvinnsla af meðalþyngd ökutækis.	ÚRVS
Hjólbarðar	Engin markmið	Bann við urðun.	
Spilliefni	Engin markmið	Rétt förgun.	




Umbúðir úr plasti, pappír og pappa

Í reglugerð nr. 609/1996 um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs, með síðari breytingum, kemur fram að endurvinnsla pappa- og pappírumbúða skal vera 60% og plastumbúða 22,5% eftir 31. desember 2011. Í tölum yfir plastumbúðir eru skilgaldsskyldar umbúðir úr plasti taldar með varðandi árangur. Tölur hafa verið leiðréttar m.t.t. óhreininda, raka og þess sem tapast við úrvinnslu. Raunendurvinnsluhlutföll plastumbúða eru yfirfarin og uppfærð eftir upplýsingum frá endurvinnsluaðilum, skv. samráði við Umhverfisstofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneyti (nú umhverfis-, orku- og auðlindaráðuneyti). Endurvinnsluhlutfall segir til um hversu mikið var endurunnið sem hlutfall af því magni sem sett var á markað á árinu, (magn endurunnið/magn sett á markað).



MYND 2. MAGN PAPPA- OG PAPPÍRSUMBÚÐA SEM SETTAR VORU Á MARKAÐ, ENDURVINNSLA ÞEIRRA OG ENDURVINNSLUHLUTFALL.

Markmið um 60% endurvinnsluhlutfall pappa- og pappírumbúða næst öll árin. Hlutfallið hækkar úr 82% árið 2022 í 97% árið 2023.




MYND 3. MAGN PLASTUMBÚÐA SEM SETTAR VORU Á MARKAÐ, ENDURVINNSLA ÞEIRRA OG ENDURVINNSLUHLUTFALL.

Líkt og mynd 3 sýnir næst 22,5% markmið um endurvinnsluhlutfall öll árin. Í tölum yfir plastumbúðir eru skilgaldsumbúðir úr plasti taldar með varðandi árangur.

Umbúðir úr gleri, málm og viði


Í reglugerð nr. 609/1996 um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs, með síðari breytingum, kemur fram að endurvinnsla glerumbúða skal vera 60%, málmumbúða skal vera 50% og viðarumbúða 15%. Í tölum yfir gler- og málmumbúðir eru skilgaldsskyldar umbúðir taldar með varðandi árangur. Tölur hafa ekki verið leiðréttar m.t.t. óhreininda, raka og þess sem tapast við úrvinnslu. Endurvinnsluhlutfall segir til um hversu mikið var endurunnið sem hlutfall af því magni sem sett var á markað á árinu, (magn endurunnið/magn sett á markað).

Frá og með 1. janúar 2023 var innleidd framlengd framleiðendaábyrgð á gler, málm og viðarumbúðir. Úrvinnslusjóður tekur yfir þá ábyrgð með álagningu úrvinnslugjalds. Á myndum 4 og 5 má sjá samanburð milli þessara fjögurra ára fyrir gler og málmumbúðir. Upplýsingar fyrir árin 2020, 2021 og 2022 eru frá Umhverfisstofnun.



MYND 4. MAGN GLERUMBÚÐA SEM SETTAR VORU Á MARKAÐ, ENDURVINNSLA ÞEIRRA OG ENDURVINNSLUHLUTFALL.

Markmið um 60% endurvinnslu næst 2023.




MYND 5. MAGN MÁLMUMBÚÐA SEM SETTAR VORU Á MARKAÐ, ENDURVINNSLA ÞEIRRA OG ENDURVINNSLUHLUTFALL.

Markmiði um 50% endurvinnsluhlutfall málmumbúða er náð árið 2023.

Árið 2023 var endurvinnsluhlutfall viðarumbúða innan kerfis Úrvinnslusjóðs 75%. Töluvert er um framleiðslu á vörubrettum hér á landi. Þau fara að mest öllu leyti undir útflutning t.d. á fiski og vatni og koma því ekki til úrvinnslu hér á landi.

Rafhlöður

Í reglugerð nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma, með síðari breytingum, kemur fram að Úrvinnslusjóður skuli að lágmarki ná 65% söfnunarhlutfalli færanlegra rafhlaðna eigi síðar en 26. september 2020. Söfnunarhlutfall hvers árs er hlutfall af því magni sem safnað er á árinu deilt með meðalmagni sem sett var á markað á árinu og næstu tveimur árum þar á undan (söfnun/sett á markað (meðaltal þriggja ára)). Úrvinnslusjóður gefur Umhverfisstofnun upplýsingar um endurvinnslu og förgun rafhlaðna og rafgeyma.



MYND 6. MAGN FÆRANLEGRA RAFHLAÐA SEM SETTAR VORU Á MARKAÐ, SEM SAFNAÐ VAR OG SÖFNUNARHLUTFALL SKV. REGLUM UM ÚTREIKNING Á ÞVÍ ÁSAMT MARKMIÐUM UM SÖFNUN.


Markmið um söfnun rafhlaða nást ekki, söfnunarhlutfallið stendur í stað milli árunna 2022 og 2023.

Endurvinnsluferli skulu ná að lágmarki fram eftirfarandi endurvinnslunýtni:


- endurvinnslu á 65% af meðalþyngd blýrafhlaðna og blýrafgeyma, þ.m.t. svo mikilli endurvinnslu á blýinnihaldi sem framast er tæknilega gerlegt án þess að því fylgi óhóflegur kostnaður,
- endurvinnslu á 75% af meðalþyngd nikkeldíumrafhlaðna og -rafgeyma, þ.m.t. svo mikilli endurvinnslu á kadmíuminnihaldi sem framast er tæknilega gerlegt án þess að því fylgi óhóflegur kostnaður og
- endurvinnslu á 50% af meðalþyngd annarra notaðra rafhlaðna og rafgeyma.

Raf- og rafeindatæki

Í reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang, kemur fram að meðhöndla skuli allan raf- og rafeindatækjaúrgang sem safnað er. Úrvinnslusjóði ber að ná markmiðum um að safna og meðhöndla að lágmarki 65% frá 1.1.2019. Söfnunarhlutfall hvers árs er hlutfall af því magni sem safnað er á árinu deilt með meðalmagni sem sett var á markað þrjú undangengin ár (söfnun/sett á markað (meðaltal þriggja ára)).



MYND 7. MAGN RAF- OG RAFEINDATÆKJA SEM SETT VORU Á MARKAÐ, SÖFNUN RAF- OG RAFEINDATÆKJAÚRGANGS, SÖFNUNARHLUTFALL M.V. REIKNIREGLUR OG MARKMIÐ UM SÖFNUN SKV. REGLUGERÐ.



MYND 8. SAMANBURÐUR Á SÖFNUN ALLRA FLOKKA RAF- OG RAFEINDATÆKJAÚRGANGS Á MILLI ÁRA.

Plastvörur

Frá og með 1. janúar 2023 var innleidd framlengd framleiðendaábyrgð á eftirfarandi einnota plastvörur:

- Ílát, með eða án loks, sem ætluð eru undir matvæli til neyslu á sölustað eða annars staðar sem er jafnan neytt beint úr viðkomandi íláti og eru tilbúin til neyslu án frekari tilreiðslu, svo sem eldunar, suðu eða hitunar.
- Umbúðir úr sveigjanlegu efni, sem ætlaðar eru til að vefja utan um matvæli sem neytt er beint úr viðkomandi umbúðum án frekari tilreiðslu.
- Drykkjarílát að rúmmáli allt að þremur lítrum, þ.m.t. lok, en undanskilin eru drykkjarílát úr gleri eða málmum sem hafa lok úr plasti.
- Drykkjarmál, þ.m.t. lok.
- Burðarpoka úr plasti sem eru þynnri en 50 míkrometrar.
- Blautþurrkur til heimilis- og einkanota.
- Loftbelgi og blöðrur, að undanskildum loftbelgjum til nota í iðnaði eða annarri atvinnustarfsemi og ekki eru ætlaðir til dreifingar til neytenda.
- Tóbaksvörur með siu og stakar síur fyrir tóbaksvörur.

Undir a. og d. lið í upptalningu vara sem tilheyra flokknum plastvörur eru matarílát, þ.e. ílát s.s. öskjur, með eða án loks sem eru notaðar undir matvæli og mál fyrir drykkjarvörur, þ.m.t. lok þeirra. Samkvæmt tilskípun (ESB) 2019/904 um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið skal ná fram mælanlegri magnbundinni minnkun þess magns sem sett er á markað af framangreindum plastvörum, eigi síðar en á árinu 2026 samanborið við árið 2022. Jafnframt skal skrá aðgerðir aðildarríkjanna vegna ráðstafana til að draga úr notkuninni. Í töflu 5 má sjá samburð á innflutningi þessara plastvara árin 2022 og 2023. Áætlað plastmagn í plasthúðuðum vörum er 5%.

TAFLA 5. MAGN MATAR- OG DRYKKJARÍLATA SEM VAR SETT Á MARKAÐ 2022 OG 2023

Gerð einnota plastvöru	Eining	2023	2022
Drykkjarílát úr plasti, þ.m.t. lok	[tonn]	312	247
Matarílát úr plasti, með eða án loks	[tonn]	2.195	2.466
Plasthúðuð drykkjarílát, þ.m.t. lok úr plasti	[tonn]	153	131
Plasthúðuð matarílát, með eða án loks	[tonn]	269	247

Ekki hefur náðst fram mælanleg minnkun á magni sem sett er á markað á þessum plastvörum. Meðal aðgerða sem gripið hefur verið til, til að draga úr notkun þeirra eru að óheimilt er að afhenda þær án endurgjalds á sölustöðum og skal gjaldið vera sýnilegt á kassakvittun.

Undir e-lið í upptalningu vara sem tilheyra flokknum plastvörur eru burðarpokar úr plasti sem eru þynnri en 50 míkrometrar. Frá og með 1. janúar 2021 hefur verið óheimilt fyrir verslanir að afhenda burðarpoka úr plasti hvort sem það er með eða án gjalds. Umhverfisstofnun hefur tekið saman magn burðarpoka úr plasti sem settir eru á markað hér á landi fyrir árin 2020-2022 en Úrvinnslusjóður hefur tekið saman magn fyrir árið 2023, sjá töflu 6. Plastburðarpokar eru ekki framleiddir hér á landi.

TAFLA 6. EINNOTA BURÐARPOKAR - MAGN SETT Á MARKAÐ OG FJÖLDI POKA PR. ÍBÚA

Burðarpokar úr plasti	Eining	2023	2022	2021	2020
Þykkt < 15 µm	[tonn]	6,9	7,8	35,5	8,0
Þykkt 15 til 50 µm	[tonn]	294,3	313,4	295,6	318,2
Þykkt 0 til 50 µm	[stk/íbúa]	34,0	<40	52,0	56,0
Töluleg markmið	[stk/íbúa]	90,0	90,0	90,0	90,0

Árið 2019 var sett markmið í reglugerð nr. 609/1996 um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs, þar sem stefnt skal að því að árlegur fjöldi burðarpoka úr plasti sem hver einstaklingur notar verði 90 eða færri og 40 eða færri eigi síðar en 31. desember 2025. Því markmiði hefur verið náð.

Undir c-lið í upptalningu vara sem tilheyra flokknum plastvörur eru drykkjarílát að rúmmáli allt að þremur lítrum. Um er að ræða drykki sem hægt er að drekka beint úr ílátinu án frekari tilreiðslu eða meðhöndlunar. Hvað varðar einnota plastflöskur fyrir drykkjarvörur er stærstur hluti þeirra í skilagjaldskerfi s.s. ávaxtasafa, gosdrykki, orkudrykki, prótein- og vítamindrykki, vatn, áfengi, kaffidrykki, ísdrykki, blandaða mjólkurdrykki. Ekki er lagt úrvinnslugjald á plastumbúðir fyrir drykkjarvörur sem eru í skilagjaldskerfinu. Það sem heyrir undir Úrvinnslusjóð eru eingöngu einnota plastflöskur fyrir drykki úr hreinni kúamjólk s.s. mjólk, jógúrt og kefir. Fyrsta val neytenda á að vera að skila skilagjaldsskyldum umbúðum í skilakerfi Endurvinnslunnar. Sé því ekki við komið er rétt að flokka einnota drykkjarvöruumbúðir úr plasti og setja þær í tunnuna fyrir plast.

Ökutæki

Frá 1. janúar 2023 ber Úrvinnslusjóði að sjá til þess að ná á landsvísu tölulegum markmiðum um undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu, endurnýtingu, söfnun og förgun úr sér genginna, skráningarskyldra ökutækja. Á haustmánuðum árið 2022 voru þjónustuaðilar Úrvinnslusjóðs upplýstir um auknar kröfur um gagnaskil varðandi það að ná ofangreindum markmiðum og hófst undirbúningur hjá þjónustuaðilum til að mæta þeim. Leita þarf nýrra samstarfsaðila erlendis til að endurnýta eða endurvinna alla efnisflokka úr sér genginna ökutækja. Magn málma sem fór í endurvinnslu á árinu var 9.080 tonn, eða 74% af heildarþunga afskráðra ökutækja. Ekki liggja fyrir upplýsingar um árangur í úrvinnslu annarra efnisflokka.

1.6 Lagabreytingar

Þann 1. janúar 2023 tóku gildi lög nr. 103/2021 um innleiðingu Evróputilskipana sem skapa eiga skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis. Um er að ræða breytingar á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, en þessar breytingar eru oft einu nafni kallaðar hringrásarlögin. Löggjöfin kallaði á umtalsverðar breytingar á starfsemi Úrvinnslusjóðs.

Lögin kveða meðal annars á um framlengda framleiðendaábyrgð fyrir allar umbúðir, ýmsar plastvörur og veiðarfæri sem innihalda plast. Framleiðendaábyrgðin felur í sér að framleiðendur og innflytjendur bera ábyrgð á vöru þegar hún er orðin að úrgangi. Þannig standa þeir t.d. straum af kostnaði við söfnun og meðhöndlun úrgangsins. Úrvinnslugjald er lagt á vöruna til að standa undir þessum kostnaði. Lögin kveða nú skýrar á um að markmið með framlengdri framleiðendaábyrgð sé að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis með vörur og þjónustu og þegar sköpuð eru hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurvinnslu úrgangs beri ekki síður að hafa hliðsjón af umhverfislegum ávinningi en hagrænum, t.d. minni losun gróðurhúsalofttegunda. Um leið hækkaði skilagjald sem endurgreitt er við afhendingu á ökutækjum til móttökustöðvar til úrvinnslu úr 20.000 kr. í 30.000 kr. Með lögunum komu ökutæki inn sem nýr vöruflokkur til álagningar úrvinnslugjalds.

Með lögum nr. 129/2022 voru gerðar breytingar á lögum um úrvinnslugjald sem tóku gildi 1. janúar 2023. Um var að ræða breytingar tengdar hringrásarlögunum og var þeim meðal annars ætlað að mæta auknum tilkostnaði við sérstaka söfnun. Með breytingunum var komið á álagningu úrvinnslugjalda á umbúðir úr gleri, málm og viði, (frá 1. mars) sem áður voru gjaldfrjálssar. Þá var úrvinnslugjald á pappa og pappírumbúðir hækkað úr 22 kr. í 42 kr/kg og á plastumbúðir, þ.m.t. heyrulluplast úr 30 kr. í 82 kr/kg. Einnig var úrvinnslugjald hækkað á varnarefni, olíuvörur, svartolíu, iðnaðarraflöður og rafgeyma.

Nýr viðauki bættist við lög um úrvinnslugjald, viðauki XX; Plastvörur, sem tilgreinir álagningu og gjöld á plastvörur í tilgreindum tollskrárnúmerum, ásamt því að viðaukum við lögin, tengdum rafhlöðum og rafgeymum, var fjölgað úr tveim í þrjá þegar viðauki XI. A; Léttar rafhlöður, drifrafhlöður fyrir ökutæki og iðnaðarraflöður bættist við.

Lög nr. 127/2022, sem einnig breyttu lögum um úrvinnslugjald, fólu í sér viðamiklar breytingar á umbúðamódeli í viðauka XVIII. vegna álagningar úrvinnslugjalds á nýjar umbúðategundir, ásamt endurbirtingu flestra viðauka við lögin sem tóku gildi um áramót 2022-2023, (nema 1. og 19. gr. sem tóku gildi 1. mars 2023). Breytingarnar eru þáttur í innleiðingu framlengdrar framleiðendaábyrgðar á nýja vöruflokka og hringrásarlaganna.

Breytingar voru gerðar árið 2023 á lögum nr. 103/2021 (hringrásarlögunum) þar sem fjárhæð úrvinnslugjalds á bifreiðar (kr. 15.000) var bætt í lögin og mælt fyrir um álagningu þess við nýskráningu bifreiðar í stað innflutnings áður.

Með lögum nr. 100/2023 voru gerðar breytingar á viðauka XVI við lög um úrvinnslugjald. Breytingarnar fólu í sér hækkun á úrvinnslugjaldi á hjólbörðum. Breytingin stafar af auknum kostnaði við söfnun og úrvinnslu hjólbarda og er henni ætlað að tryggja sjóðsstöðu vöruflokksins, en fyrir séð er að kostnaður vegna úrvinnslu hjólbarda mun aukast nokkuð á næstu árum. Gjaldabreytingarnar tóku gildi 1. janúar 2024.

1.7 Sérstök söfnun

Með hringrásarlögunum varð skylt að safna sérstaklega tilteknum efnisflokkum heimilisúrgangs, þar á meðal pappa- og pappír, plasti, viði, málm og gleri. Með lögunum bættust umbúðir úr viði, málm og gleri við efnisflokka Úrvinnslusjóðs og ákvarðað var úrvinnslugjald sem leggjast skyldi á hvern flokk. Flokkun og sérstök söfnun úrgangs eru lykilatriði í að stuðla að endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs og draga úr magni úrgangs sem fer í endanlega förgun. Undirbúningur vegna innleiðingar sérstakrar söfnunar hófst árið 2021 og lét Úrvinnslusjóður í samvinnu við utanaðkomandi ráðgjafa vinna kostnaðargreiningu sem svo varð grundvöllur ákvörðunar um fjárhæð úrvinnslugjalds og endurgjalds. Hækkun úrvinnslugjalda á umbúðir úr pappa, pappír og gleri má að stórum hluta rekja til aukins kostnaðar vegna sérstakrar söfnunar en Úrvinnslusjóður greiðir sveitarfélögum þennan kostnað, samkvæmt gjaldskrá. Á móti hækkun álagðra úrvinnslugjalda ætti kostnaður íbúa að lækka, vegna sérstakrar söfnunar, á þeim úrgangsflokkum sem sjóðurinn greiðir sveitarfélögum fyrir.

Úrvinnslusjóður bindur greiðslur við það skilyrði að áreiðanleg gögn frá þjónustuaðilum liggi fyrir. Ýmsir örðugleikar bæði við heimtur og úrvinnslu þeirra gagna komu upp sem leiddi til talsverðra tafa á greiðsluferlinu. Lagt var upp með að greiðslur til sveitarfélaganna yrðu inntar af hendi ársfjórðungslega, fyrir undanfarna þrjá mánuði, en þar sem verklag var í stöðugum lærdómsfasa hjá öllum aðilum þá reyndist ekki hægt að greiða eftir því fyrirkomulagi.

Strax í upphafi árs var ljóst að einhverjar tafir yrðu á innleiðingu sérstakrar söfnunar hjá mörgum sveitarfélögum og var hluti þeirra enn í samsöfnun fram eftir ári. Til að veita sveitarfélögum svigrúm til að innleiða nýtt kerfi við söfnun var ákveðið að greiða fyrir samsöfnun á plast- og pappambúðum sem nam 50% af gjaldskrá vegna sérstakrar söfnunar en í lok árs voru langflest sveitarfélög komin af stað með sérstaka söfnun. Verkefnið var fyrirferðarmikið í starfsemi Úrvinnslusjóðs á árinu, þarfnáðist mikillar yfirlegu og samskipta við sveitarfélög og þjónustuaðila.

Sérstök söfnun er mikilvægt verkfæri þegar kemur að skuldbindingum Íslands við að ná tölulegum markmiðum um endurvinnslu og endurnýtingu einstakra efnisstrauma og þá sér í lagi á plastambúðum, þar sem langt er í land. Niðurstaða ársins 2023 sýnir að innleiðing sérstakrar söfnunar hefur haft jákvæð áhrif þrátt fyrir tafir.

1.8 Veifarærasamningur

Á árinu 2021 var gerður nýr samningur á milli stjórnar Úrvinnslusjóðs og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) um veifaræraúrgang, í stað gildandi samnings frá árinu 2005. Samningurinn biður staðfestingar umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Veifaræri sem innihalda plast eða eru úr gerviefnum voru á árinu 2023 send til endurvinnslu hjá Polivektris í Litháen, Norfir í Noregi og Plastix í Danmörku. Einnig voru rockhopperar sendir til endurvinnslu hjá Granuband í Hollandi. Veifaræri sem innihalda plast sem send voru til endurvinnslu árið 2023 voru alls 1.463 tonn en árið 2022 voru 1.195 tonn send í endurvinnslu. Nýju móttöku- og endurvinnslukerfi á vegum SFS var komið á laggirnar í árslok 2021, m.a. var móttökustöðvum fjölgað úr einni í fjórtán með dreifða staðsetningu um landið. Tekið er gjaldfrjálst á móti veifaræraúrgangi uppþylli hann móttökuskilmála, en góð flokkun er forsenda endurvinnslu og endurnýtingar veifaræra sem og annarra úrgangsstrauma. Allir íslenskir lögaðilar geta nýtt móttökukerfið, óháð því hvort þeir eru viðskiptavinir hlutadeigandi veifaræragræða eða aðilar að SFS. Með þessu móti er leitað leiða til að auka skil og hvetja til endurnýtingar og endurvinnslu. Mikil aukning hefur verið í innsöfnun á veifaræraúrgangi sem inniheldur plast og er árangurinn yfir 100% árin 2022 og 2023 miðað við þær forsendur sem eru í samningnum frá árinu 2005, þar sem áætlað er að veifaræraúrgangur sem inniheldur plast nemi allt að 1.100 tonnum á ári. Einnig hefur móttöku- og endurvinnslukerfið skilað auknum árangri í söfnun og endurvinnslu rockhoppera úr gúmmi, alls 425 tonnum af gúmmi árið 2023 og miðað við 357 tonn árið 2022. Rockhopperar falla ekki undir samning um veifaræri sem innihalda plast/gerviefni. Skráð endurvinnsla á málmum á vegum SFS hefur einnig aukist milli ára.

Í töflu 7 má sjá yfirlit yfir það magn sem safnað hefur verið samkvæmt samningnum og endurvinnsluhlutfall í söfnunar- og móttökukerfi SFS og veifaræragræða. Einnig heildarmagn veifaræraúrgangs sem var endurunnið, endurnýtt eða urðað. Samkvæmt samningnum skal stefnt að því að minnst 60% af veifaræraúrgangi sem inniheldur gerviefni og fellur til á landsvísi fari í endurvinnslu, sem hlutfall af 1.100 tonnum. Einnig má sjá það magn sem hefur verið urðað síðastliðin fjögur ár, en verulega hefur dregið úr urðun á veifaræraúrgangi á síðastliðnum árum. Upplýsingar um magn veifaræraúrgangs sem er urðaður árlega er fengið frá Umhverfisstofnun.

TAFLA 7. MAGN VEIFARÆRA SEM SAFNAÐIST OG ENDURVINNSLUHLUTFALL

Veifaræri sem innihalda plast. Tölulegar upplýsingar	Eining	2023	2022	2021	2020
Áætlun um magn sett á markað skv. samningi frá 2005	[tonn]	1.100	1.100	1.100	1.100
Sett á markað (sjá skýringar undir töflu)	[tonn]	674	1.424		
Ráðstöfun					
Endurvinnsla. Plast	[tonn]	1.463			
Endurvinnsla. Gúmmi	[tonn]	425			
Endurvinnsla. Málmur	[tonn]	167			
Endurnýting með orkuvinnslu	[tonn]	62			
Önnur endurnýting	[tonn]	16			
Urðun erlendis	[tonn]	39			
Samtals safnað og ráðstafað á vegum SFS og veifaræragræða	[tonn]	2.172	1.635	653	758
Hlutfall safnaðs og ráðstafaðs á vegum SFS og veifaræragræða		197%	149%	59%	69%
Urðun innanlands (utan samnings)	[tonn]	519	492	756	1.157
Heildarmagn veifaræraúrgangs - ráðstöfun	[tonn]	2.693	2.128	1.410	1.916

Frá og með 1. janúar 2023 ber Úrvinnslusjóði jafnframt að safna upplýsingum um magn veifaræra sem innihalda plast sem framleidd eru eða flutt inn til landsins. Úrvinnslusjóður hefur stuðst við upplýsingar frá Skattinum um innflutning

á þeim tollskrárnúmerum sem falla undir viðauka XVII í lögum nr. 162/2002, alls 31 tollskrárnúmer. Magn sem flutt er inn á viðkomandi tollskrárnúmerum eru leiðrétt annars vegar vegna innflutnings vara sem ekki teljast veiðarfæri skv. lýsingum og hins vegar leiðrétt magn vegna útflutnings í sömu tollskrárnúmerum vegna veiðarfæra sem send eru erlendis til endurvinnslu. Nokkuð dró úr innflutningi og framleiðslu milli árána 2023 og 2022, sem gæti að hluta til verið vegna þess að loðnukvóti ársins 2022 var stærri og mögulega vegna fleiri skipa á línuveiðum árið 2022.

1.9 Aðrir samningar Úrvinnslusjóðs

Samningar sem Úrvinnslusjóður gerir eru annars vegar á grundvelli 15. gr. laga um úrvinnslugjald og hins vegar á grundvelli 3. mgr. 8. gr. laganna. Þar eru m.a. í gildi samningar um veiðarfæri og svartolíu. Á haustmánuðum 2023 var unnið var að gerð nýs samnings við olíufélögin um söfnun og úrvinnslu smurolíuúrgangs. Samningurinn var undirritaður í janúar 2024.

Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur að auki gert samninga við prentsmiðjurnar Landsprent og Ísafold um endurnýtingu eigin prentilaúrgangs sbr. heimild í 4. mgr. 15. gr. laga nr. um úrvinnslugjald.

1.10 Nýir skilmálar

Þeir aðilar sem annast úrvinnslu úrgangs á vegum sjóðsins gera það á grundvelli skilmála sem Úrvinnslusjóður gefur út. Þann 10. mars 2023 samþykkti stjórn Úrvinnslusjóðs nýja samræmda skilmála um ráðstöfun úrvinnslugjalds og tóku þeir gildi 1. apríl sama ár. Um er að ræða umtalsverða áherslubreytingu frá því sem áður var, þegar sérstakir skilmálar voru settir fyrir hvern vöruflokk. Núgildandi skilmálar ná til allra vöruflokka og er áhersla lögð á ráðstöfun úrvinnslugjalda. Í ákvæði til bráðabirgða í skilmálunum var gert ráð fyrir að samningar Úrvinnslusjóðs við þjónustuaðila sem gerðir voru á grundvelli eldri skilmála skyldu vera endurnýjaðir innan 90 daga frá gildistöku, þ.e. fyrir þann 1. júní 2023 og var því framfylgt.

1.11 Erlend samskipti

Úrvinnslusjóður er aðili að eftirtöldum samtökum:

- EPRO eða European Association of Plastic Recycling and Recovery. Í samtökunum eru um 25 aðilar, flestir frá Evrópu. Markmið þessara samtaka er að skipuleggja og kynna endurvinnslu og endurnýtingu á plastumbúðum auk þess að vera vettvangur til skoðanaskipta og fræðslu um þessi málefni.
- EXPRA eða Extended Producer Responsibility Alliance. Í samtökunum eru 30 aðilar frá jafn mörgum löndum sem sinna framleiðendaábyrgð fyrir umbúðir. EXPRA er vettvangur til skoðanaskipta og fræðslu um söfnun og endurvinnslu umbúða.
- WEEE Forum starfar sem alþjóðlegur samstarfsvettvangur 53 aðila sem sinna framleiðendaábyrgð fyrir raf- og rafeindatæki. Samtökin leiða ýmis verkefni til að stuðla að hagkvæmari söfnun og endurvinnslu raf- og rafeindatækjaúrgangs.

1.12 Stjórnsýsluúttekt á starfsemi Úrvinnslusjóðs

Þann 31. maí 2021 samþykkti Alþingi, á grundvelli laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og ríkisreikninga, að óskað yrði úttektar ríkisendurskoðanda á starfsemi Úrvinnslusjóðs. Varð ríkisendurskoðandi við þeirri beiðni og birti skýrslu í ágúst 2022. Í skýrslunni er að finna sex úrbótatillögur. Úrvinnslusjóður brást við skýrslunni með því að gera aðgerðaáætlun í sextán liðum og hófst vinna við fjórtán þeirra á árinu 2022. Í lok sama árs var þarfagreiningu á starfsemi Úrvinnslusjóðs með aðstoð ytri ráðgjafa lokið og á grunni hennar var m.a. unnið að stafrænni þróun, skráningu verkferla o.fl. Verkefnaáætlunin var uppfærð í mars og nóvember árið 2023. Hún er, ásamt upplýsingum um framvindu verkefna, birt á heimasíðu sjóðsins. Áætlað er að öllum verkefnum ljúki á árinu 2024 en lokaúttekt Ríkisendurskoðunar fer fram eftir mitt ár 2025.

1.13 Úttekt um afdrif drykkjarferna

Sumarið 2023 var Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. (Environice) fengin til að leggja mat á ferla Úrvinnslusjóðs varðandi úrvinnslu drykkjarferna í kjölfar opinberrar umfjöllunar fyrr á árinu. Markmiðið með úttektinni var að leita svara við spurningum sem sneru m.a. að mati á endurvinnsluferlum, áhrifum drykkjarferna á töluleg endurvinnslumarkmið pappírs, verklagi við söfnun, endurheimt trefja, gæðum gagnavinnslu o.fl. þáttum.

Skýrsla Environice; [Afdrif drykkjarferna - Hvað verður um fernur sem sendar eru frá Íslandi til endurvinnslu erlendis?](#) lá fyrir um miðjan október ásamt tillögum um úrbætur til bættrar ráðstöfunar drykkjarferna í anda hringrásarhagkerfisins. Úttektin leiddi í ljós að núverandi endurvinnsluferlar drykkjarferna eru fullnægjandi með tilliti til tölulegra markmiða stjórnvalda um endurvinnslu pappírsumbúða og núverandi lagakrafna. Aftur á móti eru breytingar í vændum á umbúðareglugerð með hertum endurvinnslumarkmiðum sem koma til með að kalla á nýja nálgun, t.a.m. vinnslu í sérhæfðum pappírverksmiðjum. Einnig virðast gögn sem liggja grundvallar útgreiðslum til

Þjónustuaðila ekki fullnægjandi þar sem upplýsingar um endanlega ráðstöfun liggja ekki ljósar fyrir í öllum tilvikum þegar efnið er selt til miðlara. Stjórn Úrvinnslusjóðs samþykkti í nóvember [úrboðaáætlun](#) sem byggði á tillögum úttektarinnar. Vinna við úrbætur mun standa yfir til loka árs 2024 og byggir á nánari greiningum á tillögum skýrslunnar frá Environice.

2. Ársreikningur

Hér á eftir kemur ársreikningur og staðfestingarbréf stjórnar fyrir árið 2023.

Fullgild rafræn undirskrift

KRISTÓFER MÁR MARONSSON

Kennitala: 270993-3709
2024-10-07 12:10:05 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

LÍF MAGNEUDÓTTIR

Kennitala: 130874-6069
2024-10-07 12:13:06 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

KRISTINN MÁR REYNISSON

Kennitala: 200783-4849
2024-10-07 12:37:15 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SANDRA BRÁ JÓHANNSDÓTTIR

Kennitala: 240179-2969
2024-10-07 13:23:06 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

LÁRUS MICHAEL ÓLAFSSON

Kennitala: 080274-3279
2024-10-07 18:42:12 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

BIRTA SIF ARNARDÓTTIR

Kennitala: 021194-2639
2024-10-08 09:24:21 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

HILDUR HAUKSÓTTIR

Kennitala: 260586-2899
2024-10-08 09:26:29 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

JÓN VIGGÓ GUNNARSSON

Kennitala: 011069-5339
2024-10-09 17:41:21 GMT
Ástæða: Undirskrift

Úrvinnslusjóður

14 287

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Starfsþáttayfirlit	7
Skýringar	8

Úrvinnslusjóður
kt. 530803-3680
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Úrvinnslusjóður er stofnun sem heyrir undir umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið. Meginhlutverk sjóðsins er að sjá um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess samkvæmt lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Lögum þessum er ætlað að tryggja hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs. Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi hans en framkvæmdarstjóri annast daglegan rekstur og ber ábyrð á fjárreiðum og reikningshaldi gagnvart stjórn. Í lögnum segir enn fremur að tekjur sjóðsins skuli vera af úrvinnslugjaldi og beri þeim að standa undir tilgreindum kostnaði við úrvinnslu úrgangs. Sjóðnum er skipt í vöruflokka/uppgjörsflokka. Upphæð gjaldsins skal og taka mið af áætlun um kostnað við úrvinnslu úrgangs í hverjum vöruflokki.

Starfsemin fellur undir málefna svið 17 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

